



## Viðbragðsáætlun vegna COVID 19 veirunnar

Markmið þessarar viðbragðsáætlunar er að taka á óvissuþáttum er tengjast heimsfaraldri Covid 19 veirunnar. Markmið áætlunarinnar er að tryggja viðbrögð allra hlutaðeigandi við að halda nauðsynlegri starfsemi stofnunarinnar gangandi við slíkar aðstæður. Í kjölfar þess að neyðarstigi hefur verið lýst yfir mun starfsfólk SÍMEY fylgjast vel með stöðunni á degi hverjum og fylgja leiðbeiningum sóttvarnarlæknis í hvívetna. Nýjustu upplýsingar eru ávallt að finna á vef Landlæknisembættisins: [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)

### Starfsemi fræðslustofnana þegar neyðarstigi hefur verið lýst yfir

Menntamálaráðuneytið hefur sent frá sér að eftirfarandi áherslur skulu gilda á neyðarstigi:

- fræðsluaðili mun halda uppi starfsemi eins lengi og unnt er.
- Markmið er að starfsmenn haldi áfram störfum þó nemendur eða starfsfólk sé sent heim vegna sóttvarnaráðstafana.
- Skipuleggja hlutverk kennara í fjarkennslu og heimanámi.
- Skrá sérstaklega fjarvistir nemenda og starfsmanna vegna viðkomandi veikinda.
- Hugað verði að því að nemendum í brotthvarfshættu bjóðist stuðningur námsráðgjafa þar sem því verður við komið.

### Vegna húsnæðis/aðstöðu

Gerðar hafa verið ráðstafanir vegna veirunnar í húsnæði SÍMEY. Upplýsingar um aukið hreinlæti eru vel sýnilegar og á þremur tungumálum. Spritt er aðgengilegt víða um húsið og í öllum kennslustofum, einnig er boðið upp á hanska við innganginn. Góður aðgangur er að handþvotti á salernum hússins. Gerðar hafa verið ráðstafanir varðandi birgðir af spritti, hönskum og grímum. Fyrirtækið Þrif og ræstivörur, sem sér um þrif í Þórsstíg 4, hefur verið beðið um að endurskoða þrifaáætlun sína til að draga úr smithættu. Sambærilegar aðgerðir eru viðhafðar í námsveri á Dalvík.

### Vegna starfsfólks og nemenda SÍMEY.

- a) Komi til þess að einn eða fleiri starfsmenn hjá SÍMEY smitist af veirunni eða þurfi að fara í sóttkví verður reynt eftir fremsta megni að halda starfseminni gangandi.

Starfsfólk á þess kost að geta unnið heiman frá sér, eins og aðstæður og ástand viðkomandi leyfa, og einnig eftir eðli starfsins. Mikilvægt er að viðhafa viðveruskráningu í fjarvinnu. Skilgreina hvort um veikindi er að ræða eða vinnu.

- b) Ef kennarar sem starfa sem verktakar hjá SÍMEY eru settir í sóttkví er reynt að gera ráðstafanir með að viðkomandi geti kennt í gegnum fjarkennslubúnað. Ef kennari veikist þá er námskeiði frestað eða eftir atvikum fellt niður.
- c) Þurfi nemandi eða hópur nemenda í sóttkví skal reynt að gera kleift að halda áfram sínu í gegnum fjarkennslubúnað.
- d) Sé nemandi eða nemendahópur kvíðinn varðandi framhald náms skulu starfsmenn fara yfir málin með viðkomandi og vera upplýsandi, lausnamiðuð og róandi í viðbrögðum sínum.
- e) Veikist nemandi og þarf að draga sig úr námi vegna þess er farið eftir ráðleggingum sóttvarnarlæknis um hugsanlegar takmarkanir og umgengni annarra í kjölfarið. Reynt skal eins og hægt er að viðkomandi geti síðar haldið áfram námi eða lokið námi.
- f) Komi til lokunar húsnæðis (samkomubanns) er farið eftir verklagsreglum varðandi upplýsingagjöf og framhald starfseminnar en henni verður framhaldið að einhverju leyti t.d. í gegnum fjarfundarbúnað og aðrar samskiptaleiðir. Upplýsingar meðan á samkomubanni stendur eru mikilvægar svo og upplýsingar um með hvaða hætti starfsemin hefst aftur.

### **Samskiptaleiðir**

Hægt er að senda fyrirspurnir og ábendingar varðandi influensufaraldurins á netfangið:

[simey@simey.is](mailto:simey@simey.is) Símsvörun er í síma 4605720.

Upplýsingar stöðu mála hjá SÍMEY má finna með augljósum hætti á [www.simey.is](http://www.simey.is)

Ábyrgðaraðili: Valgeir Magnússon

Síðast uppfært 11.03.2020